

Sp.

160. Fyrirspurn

[139. mál]

til sjávarútvegráðherra um skilaverð á þorskafurðum og magn hvers framleiðslupáttar.

Frá Skúla Alexanderssyni.

1. Hvert var skilaverð síðari hluta árs 1980, án skerðingar eða viðbótar Verðjöfnunarsjóðs, til fiskvinnslustöðva úr 100 kg af 1. fl. þorski fyrir hverja eftirtalinna verkunaraðferða, og hver er mismunur hráefnisverðs og skilaverðs í prósentum fyrir hverja verkunaraðferð:
 - I. Skreiðarverkun:
 - a) Ítalíuskreið.
 - b) Afríkuskreið.
 - II. Saltfisksverkun:
 - a) 1. fl. saltfiskur, stórf.
 - b) 2. fl. saltfiskur, stórf.
 - c) 3. fl. saltfiskur, stórf.
 - d) 4. fl. saltfiskur, stórf.
 - III. Hraðfrystur fiskur:
 - a) Flök í néytendaumb. (t. d. 10 × 5 lbs.).
 - b) Blokk (t. d. 4 × 16,5 lbs.)?
2. Hve mikil var framleiðsla í framantöldum greinum árið 1980 og hve stór hluti heildarþorskframleiðslunnar var í hverri grein?
3. Hver var áætluð meðalnýting hráefnis í framantöldum framleiðslugreinum?